



Kaupmáttur á góðri siglingu upp á við

Nú í júlí hafði launavísitalan hækkað um 5,9% á einu ári, sem segir að meðallaun í landinu hafi hækkað um 5,9%. Í alþjóðlegu samhengi eru þetta miklar launahækkanir og mun meiri en tíðkast í nágrannalöndunum. Á sama tíma hefur vísitala neysliverðs einungis hækkað um 2,4%. Þetta felur í sér að kaupmáttur launa hefur hækkað um 3,5% á þessu eina ári. Það er einnig mikið, bæði í alþjóðlegu samhengi og einnig sögulega hér innanlands. Sé litið myndrænt á þróunina síðasta árið sést greinilega hvernig launahækkanir hafa aukið kaupmátt í stað þess að fóðra verðbólgu eins og raunin hefur oft verið. Þessi þróun er því góð vísending um að áherslur við gerð síðustu kjarasamninga hafi tekist nokkuð vel.

Sé litið eitt ár til baka og þróunin skoðuð fyrir sama tímabil kemur í ljós að í júlí 2013 höfðu laun hækkað um 5,5% á einu ári, sem er heldur minna en nú en þó ekki fjarri 5,9%. Kaupmáttaraukningin þá nam þó ekki nema 1,65% vegna hærri verðbólgu á því tímabili. Kaupmáttaraukningin á ársgrundvelli í júlí á þessu ári er því ríflega tvöföld miðað við sama tímabili í fyrra.


Meðaltalið segir ekki allt

Umræður um frávík frá meðaltalinu eru óvída meiri en á vinnumarkaðnum í kringum laun og launaþróun. Í síðustu viku birti Hagstofa Íslands upplýsingar um launaþróun ýmissa hópa á 2. ársfjórðungi 2014. Þær tölur gefa nokkuð glögga mynd af því hvernig kaupin gerast á eyrinni um þessar mundir. Þessar tölur sýna að kaupmáttur allra jókst um 1,3% á milli 1. og 2. ársfjórðungs 2014 og um 3,1% frá 2. ársfjórðungi 2013 fram til sama tíma 2014.

Stóru hóparnir

Tölurnar sýna að launa- og kaupmáttarþróun hefur verið mun hagstæðari á almenna markaðnum síðustu 12 mánuði en hjá opinberum starfsmönnum. Staðan er hins vegar öfug ef litið er á breytingu milli fyrstu tveggja ársfjórðunga þessa árs, þar er almenni markaðurinn á eftir. Þetta kemur ágætlega heim og

Launaþróun og kaupmáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Kaupmáttur launa frá 2001



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Kaupmáttaraukning hópa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



saman við að kjarasamningum á almenna markaðnum lauk mun fyrr en á þeim opinbera. Það er hins vegar athyglisvert hversu mikill munur er innan opinbera hópsins, á milli starfsmanna ríkisins og starfsmanna sveitarfélaga. Ríkisstarfsmenn halda t.d. vel í við almenna markaðinn á ársgrundvelli en starfsmenn sveitarfélaga ekki.

Þróun innan starfsstétta

Sé litið á þróun einstaka starfsstétta fyrir heilt ár sést að þjónustu- og afgangslufólk hefur notið mestra hlutfallslegra kjarabóta og þar á eftir kemur skrifstofufólk og tæknar og sérmenntað fólk. Sérfræðingar, tæknar og sérmenntað fólk hækkaði hins vegar mest á fyrri hluta þessa árs. Það vekur athygli að stjórnendur virðast ekki skara fram úr að nokkru leyti, en mikil umræða var um miklar launahækkningar forstjóra eftir útkomu tekjublaða nú í sumar. Þessar upplýsingar benda því til þess að mikil munur sé á launahækkunum stjórnenda, þ.e.a.s. að þar sitji ekki allir við sama borð. Verkarfólk og iðnaðarmenn hækka minnst í kaupmætti á fyrri hluta þessa árs, sem kemur heim og saman við að kjarasamningar þessara hópa voru fyrir á ferðinni.

Atvinnugreinar


Kaupmáttarþróun innan atvinnugreina hefur verið ærið mismunandi. Sé litið á stöðuna yfir heilt ár hefur kaupmáttur í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð aukist mest og þvínæst í samgöngum og flutningum. Sé litið á breytinguna milli 1. og 2. ársfjórðungs í ár er hækkunin mest í samgöngum og flutningum og fjármálaþjónustu.

Sé hins vegar litið á þróunina innan þessara greina frá upphafi ársins 2008 kemur í ljós að samgöngur og flutningar annars vegar og byggingastarfsemi og mannvirkjagerð hins vegar skera sig nokkuð úr í sitthvora áttina. Kaupmáttur í samgöngum og flutningum hefur aukist um rúm 6% á þessum rúmu 6 árum en minnkað um 7% í byggingum og mannvirkjagerð á sama tíma. Breyting í öðrum greinum er um 1%.

Heildarmyndin flóknari en meðaltalið


Af öllu þessu má vera ljóst, eins og alltaf er, að heildarmyndin hvað launaþróun og kaupmátt varðar er mun flóknari en einfalt meðaltal gefur til kynna.

Kaupmáttarbreyting starfsstétta




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Kaupmáttarbreyting atvinnugreina



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Þróun kaupmáttar frá 1. ársfjórðungi 2008



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Þessar tölur Hagstofunnar gefa t.d. til kynna að laun stjórnenda hafi að jafnaði ekki að hækkað meira en hjá öðrum starfsstéttum. Að sama skapi er ekki hægt að segja að laun í fjármálaþjónustu séu að hækka meira en í öðrum greinum. Þessar tölur undirstrika mikla breidd innan bæði hópa og atvinnugreina og kannski meiri meðal stjórnenda og innan fjármálaþjónustu en annars staðar.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.